

Priðjudaginn 23. september 1952.

Nr. 163/1951: **Tivoli h/f** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson).

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. *Til vara* krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. *Til þrautavara* krefst hann þess, að lögtak verði aðeins heimilað til tryggingar kr. 1100.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að fógeti hafi ekki í úrskurði sínum tekið afstöðu til þeirrar varnarástæðu áfrýjanda í héraði, að niðurjöfnunarnefnd hafi brostið lagaheimild til að leggja á áfrýjanda svonefnt veltuútsvar.

Fógeti hefur réttilega tekið fram, að áfrýjandi hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík, er umrætt útsvar var á hann lagt. Fógeti hefur að vísu ekki rætt veltuútsvar sérstaklega, en þar sem hann hefur tekið afstöðu til útsvarsálagningarinnar í heild með hliðsjón af ákvæðum 4. gr. laga nr. 66/1945, þá þykir ekki alveg næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn.

Að því er varðar efni málsins, þá er sveitarfélögum og bæjar heimilað í 3. gr. nefndra laga nr. 66/1945 að leggja útsvar á gjaldþegna. Niðurjöfnunarnefnd ákveður upphæð útsvara eftir reglum 4. gr. sömu laga. Sú aðferð niðurjöfnunarnefndar að taka tillit til veltu fyrirtækja við álagningu út-

svara hefur stoð í 3. tölulið 4. gr. laganna, en þar segir, að taka skuli til greina við álagningu útsvars á gjaldþegn sérhvað, „er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar eða lækkunar.“ Verður útsvarsálagning á áfrýjanda því ekki talin hafa verið reist á röngum sjónarmiðum, og ekki þykir upphæð útsvarsins, miðað við það, sem fram er komið um hag félagsins, slík, að fjarstæða geti talizt. Þar sem niðurjöfnunarnefnd hefur þannig ákveðið útsvarið innan rétttra valdmarka, er ekki á færi dómstóla að hrinda álagningunni né lækka upphæð útsvarsins. Ber því að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjandi úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tivoli h/f, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. júní 1951.

Gerðarþola, Tivoli h/f hér í bæ, var gert að greiða í útsvar fyrir ár 1950 til bæjarsjóðs Reykjavíkur kr. 16.800.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur gert þær dómkröfur í málinu, aðallega að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, en til vara, að aðeins verði leyfður framgangur gerðarinnar til tryggingar kr. 1100.00, sem hann telur samsvara útsvari, lögðu á eignir gerðarþola að meðtöldu hlutafé hans, samkvæmt reglum niðurjöfnunarnefndar. Þá hefur og umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar úr hendi gerðararbeiðanda að mati réttarins.

Byggir umboðsmaður gerðarþola kröfur sínar á því, að hann telur, að útsvar það, er um ræðir, hafi ranglega verið lagt á gerðarþola, þar eð ekki hafi verið heimild til þess að gera honum að greiða útsvar samkvæmt lögum nr. 66/1945. Hefur nefndur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að skilja beri 4. gr. nefndra laga þannig, að einungis sé heimilt að leggja útsvar á þær eignir gjaldþegns, sem kunnir að vera fyrir hendi umfram skuldir. Séu skuldir hins vegar umfram eignir, sé ekki heimilt að leggja útsvar á gjaldþegn að því leyti. Þá segir enn

fremur í sömu lagagrein, að taka eigi til greina tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár. Samkvæmt þessu telur umboðsmaður gerðarþola ljóst, að ekki sé heimilt að leggja útsvar á gjaldþegn, sem á engar eignir umfram skuldir, og ef svo standi á, að um engar tekjur hafi verið að ræða hjá honum „síðastliðið ár.“ En þannig kveður umboðsmaður gerðarþola hafa verið ástatt um umbjóðanda sinn. Hefur hann lagt fram í málinu efnahags- og rekstrarreikning gerðarþola frá 1. janúar til 31. desember 1949, er sýnir, að gerðarþoli hefur ekki á árinu 1949 átt neinar eignir umfram skuldir og að rekstrartap gerðarþola á því ári hefur orðið kr. 152.978.59. Með skirskotun til þessa telur umboðsmaður gerðarþola samkvæmt því, sem áður segir, að eigi hafi verið lagaheimild fyrir því að leggja á gerðarþola umrætt útsvar.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak. Hefur hann mótmælt skilningi umboðsmanns gerðarþola á áðurgreindum ákvæðum útsvarslaganna og kröfum hans í málinu. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram í málinu bréf frá niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, dags. 22. febrúar s.l., þar sem gerð er grein fyrir þeim reglum, sem niðurjöfnunarnefnd fylgir um álagningu útsvara og hér skipta máli. Er þess þar getið, að niðurjöfnunarnefnd leggi eignarútsvar á hlutafé hjá hlutafélögunum sjálfum, en ekki á hluthafana. Hlutafé Tivoli h/f sé samkvæmt efnahagsreikningi þess kr. 300.000.00 og álagsbær eign til útsvars kr. 184.100.00. Þá séu afskriftir þær, sem gerðarþoli reikni sér, „óeðlilega og raunar óleyfilega háar“, sbr. reglugerð um fyrningarfrádrátt frá 17. apríl 1944. Þá tekur nefndin það fram í bréfi sínu, að samkvæmt útsvarslögunum beri að leggja útsvör á „eftir efnum og ástæðum“, þ. e. eftir mati niðurjöfnunarnefndar. Álagning veltuútsvara sé þannig ein af þeim leiðum, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur noti til að framkvæma þetta mat, en um það gilda engar ákveðnar eða bindandi reglur, þar eð það hljóti að vera háð „ástæðum“, sem mjög séu breytilegar, — tegund atvinnurekstrar o. s. frv.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Gerðarþoli, Tivoli h/f, er einkafyrirtæki, rekið með það fyrir augum að hagnast af viðskiptum við almenning. Það hefur að því leyti enga sérstöðu, miðað við önnur einkafyrirtæki í landinu, og lýtur því öllum venjulegum lögum og reglum, er um slík fyrirtæki gilda, einnig ákvæðum útsvarslaganna. Um það hefur heldur ekki verið deilt í máli þessu, að félagið á eignir og að það hefur haft tekjur af starfrækslu sinni. En umboðsmaður gerðarþola hefur sem áður segir haldið því fram, að þar sem gerðarþoli hafi eigi á umræddu tímabili átt eignir umfram skuldir og ekki hafi verið um tekjur að ræða umfram gjöld, þá hafi verið óheimilt að lögum að leggja útsvar á gerðarþola. Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarþola getur rétturinn ekki fallizt. Þar sem það er vitað, enda kemur fram í efnahags- og rekstrarreikningi gerðarþola, að hann hefur á umræddum tíma átt eignir og haft tekjur af starfrækslu sinni, þá er gerðarþoli principielt útsvarsskyldur samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna, enda þótt ekki hafi verið um eignir að ræða umfram

skuldir, sem og ekki um tekjur umfram gjöld. Það var því að álitu réttarins heimilt samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna að leggja útsvar á gerðarþola. En upphæð þessa útsvars á samkvæmt ákvæðum nefndra laga niðurjöfnunarnefnd að ákveða „eftir efnun og ástæðum“. Hér er sem sé ekki um það að ræða, að lagt hafi verið á rangan álagningarstofn eða álagningarstofn, sem ekki var til, heldur er hér raunverulega aðeins deilt um það, hvort ákvörðun niðurjöfnunarnefndar um upphæð útsvarsins hafi verið rétt, miðað við þann álagningarstofn, sem fyrir hendi var. En um það atriði er rétturinn ekki bær að úrskurða. Af framangreindum ástæðum er því ljóst, að rétturinn getur ekki tekið til greina framangreindar kröfur umboðsmanns gerðarþola í máli þessu. Hins vegar verður að fallast á kröfu gerðarbeiðanda og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Af þessu leiðir, að málskostnaðarkrafa umboðsmanns gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 13/1952:

Þórdís Davíðsdóttir

gegn

Skapta Davíðssyni.

Búskipti. Sala fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð þann, sem kærður er.

Með kæru 25. júní þ. á., sem hingað barst 10. júlí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 3. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar úrskurð, er upp var kveðinn í skiptarétti Reykjavíkur 20. júní þ. á. Með úrskurði þessum var tekin til greina krafa varnaraðilja um, að húseignin nr. 9 við Vega-mótastíg í Reykjavík skuli seld á uppboði án tafar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði